

Góðan dag

Í nýjum samningi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem tók gildi 1.10.2024 er kveðið á um í 17. gr að breytist áætlað vinnumagn skuli sjúkraþjálfari senda inn nýja tilkynningu um áætlaðan einingafjölda komandi árs fyrir 1. desember hvert ár. **Ef ekki er þörf á breytingu þarf ekki að gera neitt.**

Til þess að gera breytingu þarf fyrst að fara inn í Gagnagátt sjúkratrygginga á sjukra.is og skrá sig þar inn með rafrænum skilríkjum.

island.is

Sjúkratryggingar

Áætlað vinnumagn þjálfara

Hver þjálfari skal upplýsa Sjúkratryggingar, fyrir 1. desember, um áætlað einingamagn næsta árs.

Upplýsingar um vinnumagn

Tímabil	Fjöldi kt	Fjöldi koma	Áætlað magn eininga	Áætlað starfs- hlutfall	Raunnotkun jan-mars	Raunnotkun apr-jún	Raunnotkun júl-sep	Raunnotkun okt-des	Heild ársins
2024	83	585	265.516	100	76.614	0	0	0	76.614
2025	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Áætlað einingamagn vegna ársins 2025 : 200.000

Starfshlutfall ársins : 80

Minnka starfshlutfall

Sendi

Áætlað vinnumagn er undir „Viðskiptasíðan mín“ vinnumagn.

Þar er hægt að setja inn nýja áætlun (ekki nota punkta eða punkta þegar skráð er inn). Skrá ástæðu og muna að ýta á senda. Hægt er að sjá notkun á ársfjórðungum inni í Gagnagáttinni.

Gangi ykkur vel

Starfsfólk Sjúkratrygginga.